



## Um skólann

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) tók til starfa árið 1984. Nemendur skólans eru að jafnaði 1300 en að auki stunda fjölmargir nemendur nám í fjarnámi við skólann. Starfsmenn eru u.þ.b. 200.

Starfsemi VMA einkennist af námsframboði fyrir alla nemendur, með áherslu á fjölbreytt nám, bæði iðn- og tækninám ásamt bóknámi. Skólinn er áfangaskóli með skipulagi sem gerir nemendum kleift að sníða námið að aðstæðum sínum og þörfum.

Skólameistari er Sigríður Huld Jónsdóttir [huld@vma.is](mailto:huld@vma.is)

## About the school

Akureyri Comprehensive College was founded in 1984. Students at the school are on average around 1300 but alongside this quite many students study in distance education department each school year. The school has nearly 200 employees.

What characterizes the college is its focus on a variety of studies for all types of students. It offers studies in industrial and technical fields as well as academic fields. The college is organised with a phase structure that allows students to tailor their studies to their situations and needs.

Headmaster is Sigríður Huld Jónsdóttir [huld@vma.is](mailto:huld@vma.is)



## Námsframboð

Það nám sem nemendum stendur til boða er afar fjölbreytt; almennt nám, matvælanám, sjúkraliðabraut, íþróttasvið, vélstjórnarnám, starfsbraut, hársnyrtinám, byggingagreinar, rafiðngreinar, bifvélavirkjun og málmiðngreinar. Iðn- og starfsnámi lýkur með prófi í greininni en í flestu iðnnámi þurfa nemendur að fara í verknám á vinnustöðum og í sveinspróf að loknu námi í skólanum.

Nemendur geta lokið stúdentsprófi af félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut, listnámsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Einnig geta nemendur lokið stúdentsprófi með eða að loknu starfs-, iðn- og tækninámi við skólann. Stúdentspróf undirbýr nemendur undir nám í háskóla.

Hægt er að skoða námsframboð, brautir og áfanga á heimasíðu skólans undir [www.vma.is](http://www.vma.is) – námið.

## Educational choices

The educational choices that are available to students are extremely varied; general studies, culinary studies, assistant nursing, sports, engineering, studies for students with disabilities, hairstyling, construction, electricity and electronics, mechanics and metal industries. Industrial and vocational studies finish with final examinations and in most industrial education students need to work as apprentices for a certain time and finish by taking a journeyman's examination.

Furthermore, students can complete the matriculation examination in social sciences, natural sciences, artistic study program and business and economics, and can also complete matriculation examination after completing studies in the fields of craft and technology studies at the college. The matriculation examination prepares students for university studies.

One can have a closer look at studies on offer, departments and subjects, on the school's website under [www.vma.is](http://www.vma.is) – námið.



### **Starfstími skólans**

Haustönn hefst í kringum 20. ágúst. Á haustönninni er vetrarfrí, 1-2 dagar í október (á sama tíma og í grunnskólum Akureyrar). Um miðja haustönn þurfa nemendur að velja þá áfanga sem þeir ætla að fara í á vorönn – ætli þeir að halda áfram námi. Námsmat er með ýmsum hætti en heildarmat í lok áfanga er við lok annar. Jólafrí hefst að því loknu. Nám á vorönn hefst í kringum 7. janúar. Á vorönn er vetrarfrí 1-2 daga í febrúar/mars (á sama tíma og í grunnskólum Akureyrar). Páskafrí hefst í dymbilviku og stendur fram yfir annan í páskum. Þeir nemendur sem ætla að stunda áfram nám í skólanum næstu önn þurfa að skila námsvali um miðja önnina. Námsmat er með sama hætti og á haustönn og hefst sumarfrí nemenda að því loknu.

### **School year**

Autumn semester starts around 20 August. During the term there is a winter holiday, 1-2 days in October (at the same time as in the primary schools of Akureyri). At midterm, students have to choose which subjects they want to study during the following spring term – if they wish to continue their studies. Assessment varies but an overall assessment is made in each subject at the end of term, followed by Christmas holidays. Spring term starts around 7 January. During spring term there is also a winter holiday for 1-2 days in February or March (at the same time as in the primary schools of Akureyri). Easter holiday starts in the Holy Week and continues until Wednesday after Easter. Those students who want to stay in school the following term must choose subjects around midterm. Assessment is conducted in the same way as in autumn semester and after that the summer holiday begins.



### **Skrifstofa**

Skrifstofa VMA er opin virka daga frá klukkan 8:00 til 15:00. Þar er hægt að kaupa kennslugögn, prentkvóta og fá upplýsingar.

**Sími skrifstofu er 4640300.**

### **Tölvukerfi**

Í skólanum er þráðlaust netsamband. Nemendur fá *vma - netfang* sem límt er á stundatöfluna ásamt lykilorði. Lykilorðið er einnig aðgangur að tölvukerfi skólans og námsumhverfinu Moodle. Litið er á tölvupóst sem kennarar/stjórnendur skólans senda á vma netfang sem ígildi bréfs og er tölvupóstur aðferð skólans til að koma skilaboðum til nemenda, áminningu um slaka mætingu og annað er varðar nám þeirra.

**Það er algerlega á ábyrgð nemenda að fylgjast með tölvupósti VMA.**

### **Office**

The office is open weekdays from 8:00 to 15:00. There one can buy schoolbooks, printing quota and get various information.

**The telephone number is 4640300.**

### **Computer system**

Students get a vma – e-mail user name which is stuck to their timetable along with a password. The password grants them access to the school's computer system and the study environment Moodle. Letters sent by e-mail by teachers/school authorities are seen as substitutes for printed letters and e-mailing is the school's way of getting information to its students, a warning when attendance is insufficient and other things concerning their studies.

**It's completely the student's responsibility to check on his/her VMA e-mail.**



**INNA** INNA - er upplýsingavefur um nám nemanda og heldur utan um námsferil hans. Þar geta nemendur fylgst með námsframvindu sinni og mætingum. Nemendur nota Íslykil eða sækja sjálfir lykilorð til að tengjast vefnum. Foreldrar/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta fengið aðgang að INNU. Námsval fer fram í gegnum INNU.

**Gætið þess að upplýsingar í INNU séu réttar s.s. netföng og símanúmer.**

### **Innritunargjöld**

Innritunargjöld í skólann eru kr. 6000 á önn. Auk þess greiða nemendur þjónustugjald á hverri önn en í því felst prentkvóti, ljósrit frá kennurum, tölvuþjónusta og aðgangur að þráðlausu neti. Nýnemar fara í ferð að hausti og innheimt er gjald fyrir hana um leið og innritunargjöld. Nemendur sem stunda nám í iðn- og verknámi greiða efnisgjöld sem eru mismunandi milli deilda. Þau er hægt að sjá á heimasíðu skólans undir [www.vma.is](http://www.vma.is) - námið – þjónusta og efnisgjöld.

**INNA** INNA is an information system for each student where important school-related information can be obtained, like his/her timetable, attendance information and studies. Students use Íslykill or apply themselves for a password to connect to the system. Custodians of students younger than 18 can gain access to INNA. Choosing subjects is done through INNA.

**Be careful that all information in INNA is correct, such as e-mail addresses and phone numbers.**

### **School fees**

School fees are 6000 IKR per term. In addition students pay a service fee every term which includes printing quota, photocopies from teachers, computer service and access to wireless internet. First year students go on a field trip in the autumn and pay a small amount for that along with the school fees. Students who study vocational or other work-related subjects must also pay fees for materials and they vary between departments. The amount can be seen on the school's web page, [www.vma.is](http://www.vma.is), under Námið – þjónusta and efnisgjöld.



## Skólasóknarreglur

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega í kennslustofu. Nemandi sem er fjarverandi meira en 20% af kennslutíma annarinnar telst fallinn í áfanganum. Leyfi og veikindi reiknast ekki til frádráttar en heimilt er að taka tillit til langvarandi veikinda og skulu þau staðfest með læknavottorði.

Nemendur eða forráðamenn skulu tilkynna veikindi eða önnur forföll fyrir kl. 12 samdægurs á skrifstofu VMA s. 4640300. Foreldrar/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta tilkynnt veikindi rafrænt í gegnum INNU en nemendur eldri en 18 ára geta skráð veikindi sjálfir.

Nýnemar geta hvorki hætt í, né sagt sig úr, stökum áföngum fyrstu tvær annirnar. Ef nýnemi segir sig úr áfanga er lítið svo á að hann segi sig frá skóla.



## School attendance

Students must attend all classes and be punctual. A student who is absent from more than 20% of lessons each term is considered to have failed that subject. Sickness or leave are not exempt from this rule. Long term absences due to illness are considered on a case-to-case bases and then a certificate from a doctor must be handed in.

Students or their custodians should report sickness, or other reasons for absence, to the school office before 12 o'clock on the same day. Custodians of minors can report absence through INNA and students 18 and older can do that themselves.

First year students can not quit any subject during the first two semesters. If a student does so it is considered he/she has left school.



## **Þjónusta**

### Náms- og starfsráðgjafi

Námsráðgjafi er málsvari nemenda innan skólans. Námsráðgjafar veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast persónulegum högum þeirra, námi og náms- og starfsvali. Einnig veita þeir foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda.

### *Umsjónarkennari*

Markmið umsjónarinnar er að styðja við bakið á nemendum. Umsjónarkennari veitir umsjónarnemanda sínum ráðgjöf er lýtur að námi hans og ástundun og er jafnframt tengiliður skólans við heimili. Nafn umsjónarkennara kemur fram á stundatöflu nemanda.

### *Sálfræðingur*

Sálfræðingur skólans veitir nemendum þjónustu í málum sem tengjast líðan og persónulegum högum þeirra. Einnig veitir skólasálfræðingur foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda.

## **Service**

### *Counsellors*

Counsellors give advice to students on personal matters, study matters and work related matters. They also give parents, teachers and other employees at the school, advice on matters concerning individual students. A counsellor is an advocate for the students within the school.

### *Supervising teacher*

The aim of supervision is to support students. A supervising teacher advises his/her students concerning their studies, attendance and is also a connecting member between the school and the home. The name of each supervising teacher is on the student's timetable.

### *Psychologist*

The school's psychologist assists students concerning their feelings and personal matters. He/She also assists parents, teachers and other employees at the school on matters concerning individual students.



### *Hjúkrunarfræðingur*

Er nemendum til viðtals og ráðgjafar um heilsufar, heilbrigði og heilbrigðishvatningu og annast nemendur eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

### *Forvarnafulltrúi*

Hefur umsjón með forvarnarstarfi skólans í samræmi við stefnumörkun hans og er tengiliður við fræðsluaðila á því sviði. Nemendur geta einnig leitað til forvarnafulltrúa í tengslum við áfengis- og vímuefnavarnir.

The nurse gives students advice on health matters and encourages healthy living. She also assists students when needed and when circumstances allow so.

### *Preventive worker*

The preventive worker is in charge of the school's preventive affairs according to its policy and is a connecting member in that field. Students can seek advice from her/him in connection with alcohol or drug related matters.

**Hægt er að finna netföng og viðtalstíma námsráðgjafa, sálfræðings, hjúkrunarfræðings og forvarnafulltrúa á heimasíðu skólans**  
**[www.vma.is](http://www.vma.is) - þjónusta**

**E-mail addresses and consultation hours of the above mentioned councillors can be found on the school's web page,**  
**[www.vma.is](http://www.vma.is) – Þjónusta.**

### *Nurse*

Verkmenntaskólinn á Akureyri  
Hringteigur 2, 600 Akureyri  
Sími. 4640300  
netfang. [vma@vma.is](mailto:vma@vma.is)  
[www.vma.is](http://www.vma.is)





## Bókasafn

Bókasafnið er opið kl. 8.00 - 18.00 mánudaga til fimmtudaga og 8.00 - 15.00 á föstudögum. Fjöldmargar bækur eru á bókasafninu og góð samvinna við önnur bókasöfn í landinu. Tengt við bókasafnið eru tvær tölvustofur og ein lesstofa.

## Library

Opening hours of the library are 8.00 – 18.00 Monday to Thursday and Friday 8.00 to 15.00. In the library are very many books and good co-operation is with other libraries in the country. Adjacent to the library are two computer rooms and one reading room.

## Félagslíf



Nemendafélag skólans heitir Þórduna og er skipað nemendum skólans.

Nemendafélagið heldur utan um félagslíf nemenda. Haldin er m.a. vegleg árshátíð á hverju ári, söngkeppni og nýnemahátíð. Þá eru starfandi ýmsir klúbbar innan nemendafélagsins.

Félagsgjald Þórdunu er innheimt um leið og skólagjöld. Aðild að nemendafélaginu veitir afslátt að viðburðum á vegum félagsins og einnig afslætti hjá ýmsum veitingastöðum og verslunum.

Heimasíða: [www.thorduna.is](http://www.thorduna.is)

Nemendafélagið er einnig á Facebook


## Social activities



At the college is a powerful student association called Þórduna. It is in charge of organising students' social life. Impressive annual festival is held every year, freshmen are welcomed and a song competition are among the bigger events. Then various clubs operate within the association.

A fee for the social association is paid along with the school fee. Membership of the students' association gives discounts on social activities held by the association and at various restaurants and shops. The association's web page is [www.thorduna.is](http://www.thorduna.is) and it's also on Facebook.




 Moodle – er námsumhverfi á netinu sem margir kennarar nota og nemendum ber að fylgjast með.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við VMA. Fimm foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum og þrjú varamenn sitja í stjórn félagsins. Skólastjórnendur og kennarar eru velkomnir á fundi félagsins. Hlutverk þess er að styðja við starf skólans, styrkja samstarf foreldra og forráðamanna nemenda sem eru ólögráða. Tengiliður skólans við félagið er Sigríður Huld Jónsdóttir [huld@vma.is](mailto:huld@vma.is)

*VMA hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun samkvæmt ISO 9001 staðli. Öll prófskírteini skarta þeim stimpli.*

Heimasíða skólans er [www.vma.is](http://www.vma.is)  
Á heimasíðu skólans birtast fréttir og tilkynningar um skólastarfið.  
Skólinn er með Facebook síðu sem mælt er með að nemendur og foreldrar „líki við“. Þar koma ýmsar tilkynningar til nemenda.

 Moodle is an online study environment that many teachers use and students are required to attend.

### Parents' council

An active parents' council is at VMA. Five custodians of students studying in VMA and three substitutes have a seat on the board. School managers and teachers are welcome to attend meetings. The council's role is to support school activities, promote collaboration between parents and custodians of minors. The school connecting member is Sigríður Huld Jónsdóttir [huld@vma.is](mailto:huld@vma.is)

*VMA has acquired an international quality certificate according to ISO 9001. All graduation certificates have that stamp.*

The school's web page is [www.vma.is](http://www.vma.is).  
The school is also on Facebook and it is recommended that students and their custodians “like” the page because there information for students appear. One can read news and announcements on the school' web page.